

Reglur um greiðslur til bæjarfulltrúa og nefndarmanna

1. gr.

Laun fyrir nefndarstörf

Laun bæjarfulltrúa verði endurreiknuð 1. janúar ár hvert, fyrst 1. janúar 2019, í samræmi við launavísitölu, reiknað skal út frá launavísitölu október 2017, sem er 630,7-. Laun til bæjarfulltrúa, við samþykkt reglna þessara, verði skv. töflu hér að neðan:

	Föst laun	Bæjarráðsfundur	Bæjarstjórnarfundur	Nefndarfundur
Forseti bæjarráðs			66.000	
Formaður bæjarráðs		66.000		
Bæjarráðsmaður		33.000		
Bæjarfulltrúi	66.000		33.000	16.500
Nefndarmaður				16.500
Formaður nefndar				33.000

Almenn skilyrði:

- Einungis eru greidd laun til þeirra fulltrúa í nefndum og starfshópum sem bæjarstjórn hefur kjörið til starfa.
- Bifreiðarstyrkur er greiddur til þeirra nefndarmanna sem búa utan Ísafjarðar en þurfa að sækja þangað fundi
- Starfsmenn bæjarins sem fá greidda fasta yfirvinnu fá ekki greitt fyrir nefndarstörf.

2. gr.

Greiðslur við önnur tilefni

Sé bæjarfulltrúum og/eða nefndarmönnum formlega falið að mæta á fundi, ráðstefnur eða annað f.h. sveitarfélagsins fá þeir greidd laun eftir því hvort þeir eru hálfan eða heilan dag að heiman. Heill dagur samsvarar nefndarsetulaunum bæjarfulltrúa á bæjarstjórnarfundum.

- **Heill dagur**
Samsvarar greiðslu fyrir setu bæjarfulltrúa á bæjarstjórnarfundum, sbr. 1. gr., nú kr. 33.000,-
- **Hálfur dagur**
Samsvarar greiðslu fyrir setu nefndarmanns á nefndarfundum, sbr. 1. gr., nú kr. 16.500,-
- **Ferðakostnaður og uppihald**
Ferðakostnaður og uppihald á ferðalögum greitt að auki skv. framlögðum reikningum.